

Fimmtudaginn 11. mars 1993.

Nr. 340/1992. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Ólafi Birni Ólafssyni og

Roy Ólafssyni

(Jón Magnússon hrl.).

Tolllagabrot. Eignaupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1992 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu ásamt staðfestingu á ákvæðum héraðsdóms um eignaupptöku.

Ákærðu krefjast sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins.

Vörn ákærðu í málinu er einkum á því reist, að verðmæti þeirra tækja, sem lýst er í ákæru og þeir höfðu í farangri sínum við komu til Keflavíkurflugvallar 4. febrúar 1991, hafi verið undir mörkum þess, sem ferðamönnum búsettum hér á landi væri heimilt að hafa með sér af varningi án greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt 1. mgr. 1. gr. þágildandi reglugerðar nr. 547/1990 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl., sbr. síðar reglugerð nr. 55/1991 um sama efni, sem birt var 11. febrúar 1991, og nú reglugerð nr. 251/1992. Samkvæmt skýrslu ákærða Ólafs Björns Ólafssonar fyrir rannsóknarlögreglu 18. mars 1991 og síðar fyrir sakadómi var um að ræða myndlykla og fylgihluti (afruglara) fyrir sjónvarp, sem hann hafði keypt í ferð þeirra og ætlað til notkunar í tengslum við kapalkerfi fyrir sjónvarp, sem fyrirhugað væri að setja upp í raðhúsum við götu í Mosfellsbæ. Kvaðst ákærði hafa ætlað að eiga búnaðinn sjálfur, en taka greiðslu fyrir hann með afnotagjöldum af kapalkerfinu. Staðfest hefur verið með athugun á búnaðinum, að unnt var að nota hann til að nema myndsendingar frá tilteknum erlendum sjónvarpsstöðvum, sem hingað berast um gervihnött, og einnig sendingar frá Stöð 2 að öðru jöfnu.

Miðað við umrædda nýtingu búnaðarins gat ekki komið til álita, að hann nyti tollfrelsis á grundvelli fyrrnefnds ákvæðis reglugerðar nr. 547/1990, og mátti ákærðu vera það ljóst. Leiddi þetta af 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar, sem kvað svo á að þessu leyti, að tollívilnun samkvæmt 1. gr. ætti við um varning, sem hlutaðeigandi ferðamaður væri að flytja með sér til persónulegra nota sinna eða fjölskyldu sinnar eða til gjafa. Þessa afmörkun ívilnunarinnar er einnig að finna í hinum síðari reglugerðum, en þær eru allar settar með heimild í 5. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Ákærðu áttu þegar af þessum ástæðum að framvísa búnaðinum til tollafgreiðslu, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 547/1990, en létu það undan fallast. Varðar háttsemi þeirra við 1. mgr. 123. gr. laga nr. 55/1987, sbr. 4. mgr. 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 251/1992, og ber að refsa fyrir hana samkvæmt 1. mgr. 124. gr. sömu laga.

Umræddur búnaður telst til fjarskiptavirkja, sbr. 1. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti. Er á því byggt í ákæru, að innflutningur á honum hafi farið í bága við 3. gr. þeirra laga og 5. gr. reglugerðar nr. 547/1990. Ákærðu telja innflutninginn hafa verið þeim frjálsan vegna þess, að um væri að ræða notendabúnað, sem einkaréttur ríkisins samkvæmt 3. gr. laganna tæki ekki til, sbr. 2. mgr. hennar. Í 1. gr. laganna er notendabúnaður skilgreindur sem „hvers konar tæki innan húsrýmis eða starfsstöðvar notenda svo og tækjahlutir og leiðslur, sem tengdar eru hinu opinbera fjarskiptakerfi“. Eins og mál þetta er lagt fyrir af hálfu ákæruvaldsins, þykir varhugavert að telja sannað, að ákærðu hafi orðið brotlegir við fyrrgreind ákvæði, og ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um þennan þátt ákærunnar.

Við tollskoðun framvísaði ákærði Ólafur Björn tveimur vöru-reikningum í nafni fyrirtækisins Omega Electronic í Freiburg í Þýskalandi, sem hann kvað eiga við um tæki sín. Reikningarnir bera ekki með sér, hvort greitt var fyrir vöruna. Samkvæmt vörulýsingu þeirra var um að ræða samtals 30 stykki af „computer term“ á verðinu 20 þýsk mörk fyrir stykkið að meðtöldum virðisaukaskatti. Er þetta minna vörumagn en ákærðu höfðu meðferðis. Hið tilgreinda vöruheiti er ekki auðskilið, og hefur ákærði ekki skýrt, hvernig það komi heim við tæki þessarar tegundar. Fyrir liggur, að

orðið „decoder“ er notað sem heiti á myndlyklum frá umræddu fyrirtæki í bréfi þess 11. febrúar 1991 til ákærða Ólafs Björns.

Í skýrslu tollvarðar um skoðunina kemur fram, að ekki hafi verið unnt að sjá af búnaðinum sjálfum, hvernar tegundar hann væri. Hafi ákærði Ólafur Björn sagt svo aðspurður, að þetta væru „tölvu-interface“, auk þess að vísa til reikninganna. Af frásögn þessari og öðrum atvikum verður ráðið, að ákærði hafi reynt að notfæra sér hið óljósa vöruheiti til að dylja fyrir tollvörðum, að um væri að ræða búnað til þeirra nota, sem hann lýsti síðar fyrir lögreglu. Ber að líta til þessa við ákvörðun refsingar í málinu.

Fyrir héraðsdómi lágu ekki glöggar upplýsingar um verðmæti þess varnings, sem brot ákærðu tekur til, en málið sætti þar ekki sókn af hálfu ákærvaldsins. Ákærðu hafa eingöngu lagt fram fyrrgreinda vörureikninga, en ekki er unnt að leggja þá til grundvallar. Við flutning málsins hér fyrir dómi hefur ákærvaldið skírskotað til matsgerðar tveggja starfsmanna tollstjórans í Reykjavík, sem fram fór að tilhlutan þess viku áður. Átelja verður, hversu seint var gripið til þessa úrræðis, og var ákvæða 3. mgr. 157. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ekki gætt. Eins og málið er vaxið, verður varningurinn metinn eftir álitum við ákvörðun refsingar.

Refsing ákærða Ólafs Björns Ólafssonar telst hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Roy Ólafssonar og vararefsing er hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, en frestur til sektargreiðslu telst frá uppsögu dóms í Hæstarétti.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku á varningi þeim, sem málið fjallar um, svo og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til að greiða áfrýjunarkostnað málsins óskipt, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði Ólafur Björn Ólafsson greiði 200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar,

verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði Roy Ólafsson greiði 60.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku eigna og um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 45.000 krónur, og greiði ákærði Ólafur Björn 3/4 hluta kostnaðarins, en ákærði Roy 1/4 hluta.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 29. maí 1992.

Ár 1992, föstudaginn 29. maí, er á dómþingi sakadóms Kjósarsýslu, sem háð er á skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Benedikt Bogasyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2371/1991: Ákærvaldið gegn Ólafi Birni Ólafssyni og Roy Ólafssyni, sem tekið var til dóms 21. maí sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dags. 9. apríl 1992, á hendur ákærðu, Ólafi Birni Ólafssyni rafeindavirkja, Viðiteigi 2 C, Mosfellsbæ, kt. 050964-3109, fæddum í Reykjavík, og Roy Ólafssyni hafnsögu-manni, Hrísmóum 7, Garðakaupstað, kt. 020833-3199, fæddum í Reykjavík, „fyrir að hafa við komu til Keflavíkurflugvallar 4. febrúar 1991 frá Lúxemborg sameiginlega smyglað hingað til lands 40 myndlyklum (afruglurum) ásamt fylgihlutum, sem ákærði Ólafur Björn keypti erlendis í ferðinni og ætlaði til sölu hérlandis, en við komu ákærðu til Keflavíkurflugvallar gengu ákærðu um tollhlið, merkt grænu skilti með áletruninni „Enginn tollskyldur varningur“. Við tollleit í farangri ákærða Ólafs Björns fundust 20 myndlyklar, 20 tengisnúrur, 31 spennubreytir og 5 örgjörvar. Hjá ákærða Roy fundust 20 myndlyklar, 22 tengisnúrur og 9 spennubreytar, en tollverðir höfðu afskipti af Roy, er hann var kominn út fyrir flugstöðvarbygginguna með varninginn.

Framangreint brot ákærðu telst varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. og 135. gr., tollalaga nr. 55/1987 og 3. gr., sbr. 1. tl. 23. gr., laga um fjarskipti nr. 73/1984, sbr. 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 3. gr., 5. gr. og 6. gr. reglugerðar um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna

við komu frá útlöndum, einkasölugjald o. fl. nr. 55/1991, sbr. áður reglugerð um sama efni nr. 547/1990.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og ákærði Ólafur Björn enn fremur til að sæta upptöku alls framangreinds varnings samkvæmt 1. mgr. 136. gr. tollalaga og 1. tl. 23. gr. laga um fjarskipti, sbr. 6. gr. i. f. reglugerðar nr. 55/1991“.

Málavextir.

Samkvæmt framburði ákærðu og vitna, skýrslum tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli og öðrum gögnum eru málavextir þeir, að mánudaginn 4. febrúar 1991 komu ákærðu til landsins frá Lúxemborg með flugvél Flugleiða hf. Gengu þeir um grænt tollhlið merkt „Enginn tollskyldur varningur“. Við tollleit í farangri ákærða Ólafs Björns Ólafssonar fundust 20 myndlyklar, 20 tengisnúrur, 31 spennubreytir og 5 örgjörvar. Tollverðir höfðu afskipti af ákærða Roy Ólafssyni, eftir að hann var kominn út fyrir flugstöðvarbygginguna, og fundust í farangri hans 20 myndlyklar, 22 tengisnúrur og 9 spennubreytar. Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli lagði hald á framangreindan varning.

Meðal málsgagna er skýrsla radióeftirlits Póst- og símamálastofnunar, dags. 14. mars 1991. Samkvæmt henni var kannaður varningur sá, er ákærðu fluttu til landsins. Segir í skýrslunni, að 15 myndlyklanna hafi verið með örgjörva og tilbúnir til notkunar. Hafi 25 myndlyklanna verið án örgjörva, en þegar örgjörvar þeir, sem ákærðu fluttu með sér til landsins, hefðu verið tengdir búnaðinum, hefði hann verkað eðlilega.

Frammi liggur bréf Póst- og símamálastofnunar, dags. 30. maí 1991, þar sem fram kemur, að myndlyklar, sem seldir eru hér á landi, kosti 12.580,00 krónur.

Ákærðu hafa lagt fram kvittanir frá fyrirtækinu Omega Electronic GmbH, Eschholzstrasse 58, 7800 Freiburg, Þýskalandi. Samkvæmt kvittunum þessum greiddi ákærði Ólafur Björn Ólafsson 600 þýsk mörk fyrir 30 stk. myndlykla (computer term).

Ákærðu var boðið að ljúka málinu með dómsátt, 240.000,00 króna sektar til ríkissjóðs, hvorum um sig, en þeim málalokum höfnuðu þeir.

Ákærði Ólafur Björn Ólafsson skýrði svo frá, að hann hefði farið í helgarferð ásamt föður sínum, Roy Ólafssyni, og kunningja, Steingrími Sigurðssyni. Tilgangur ferðarinnar, að því er sig varðaði, hefði verið að festa kaup á rafeindabúnaði þeim, sem í ákæru greinir. Hefði rafeindabúnaðurinn ekki verið keyptur með endursölu í huga, heldur hefði ætlunin verið að setja upp kapalkerfi í raðhúsallengju að Víðiteigi í Mosfellsbæ. Ákærði kvaðst hafa kynnt sér reglur um heimildir ferðamanna til innflutnings á tollfrjálsum farangri í flugvélinni á leið til Lúxemborgar. Hefði hann

greitt 800 þýsk mörk fyrir varninginn, er hann hefði keypt hjá fyrirtækinu Omega Electronic, Freiburg, Þýskalandi. Skýrði ákærði svo frá, að hann hefði skipt varningnum á farangur sinn og föður sinn til þess að vera innan þeirra heimilda, sem ferðamenn hafa til að koma með tollfrjálsan farangur til landsins. Ákærði kvað sig og föður sinn hafa gengið um grænt tollhlið, og við leit tollvarða hefði fundist varningur sá, er hann hafði meðferðis. Kvað ákærði unnt að „afrugla“ sendingar fjölda erlendra gervihnattastöðva með myndlyklunum, auk þess sem unnt sé, öðru hverju, að afrugla sendingar Stöðvar 2, eftir því, hvernig hún hagi sínum útsendingum.

Ákærði Roy Ólafsson skýrði svo frá, að hann hefði farið ásamt syni sínum, Ólafi Birni Ólafssyni, og Steingrími Sigurðssyni til Lúxemborgar, og hefði af sinni hálfu verið um skemmtiferð að ræða. Kvaðst ákærði ekki hafa keypt þann varning, sem í ákæru greinir, og að sér væri ekki kunnugt um kaupverð varningsins. Hefði hann eingöngu tekið að sér að flytja varninginn inn í landið fyrir son sinn. Skýrði ákærði svo frá, að hann hefði farið um grænt tollhlið og beðið fyrir utan flugstöðvarbygginguna eftir syni sínum. Eftir um það bil 45 mínútur hefði tollvörður komið, haft afskipti af sér og fundið varning þann, er ákærði hafði meðferðis.

Vitnið Steingrímur Sigurðsson verslunarmaður gaf skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 20. mars 1991 og fyrir dómi. Vitnið bar, að það hefði farið til Lúxemborgar ásamt ákærðu til helgardvalar í febrúarmánuði 1991. Kvaðst vitnið hafa farið sér til skemmtunar, og hefði það hvorki átt þátt í kaupum á rafeindabúnaði né flutningi hans til landsins.

— — —

Niðurstaða.

Ákærðu komu til landsins frá Lúxemborg mánudaginn 4. febrúar 1991. Samkvæmt framburði þeirra höfðu þeir meðferðis í farangri varning þann, er í ákæru greinir, og gengu um grænt tollhlið, sem merkt er „Enginn tollskyldur varningur“. Ekki framvísuðu þeir varningnum, sem fannst við leit tollvarða. Hafa ákærðu því gerst sekir um háttsemi þá, sem í ákæru greinir, og þykir brot þeirra varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. og 135. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 6. gr. reglugerðar um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o. fl. nr. 55/1991, sbr. áður reglugerð um sama efni nr. 547/1990.

Í ákæru er ákærðu gefið að sök að hafa brotið gegn 3. gr., sbr. 1. tl. 23. gr. laga um fjarskipti nr. 73/1984, með flutningi á umræddum varningi til landsins. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. sömu laga nær einkaréttur ríkisins til meðferðar á fjarskiptavirkjum eða hluta þeirra ekki til notendabúnaðar. Varningur sá, sem ákærðu fluttu til landsins, verður að teljast notenda-

búnaður, og ber því að sýkna ákærðu af greindri refsikröfu ákærvaldsins.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Ólafs Björns Ólafssonar hefur hann gengist undir sex dómsáttir á árunum 1981-1991 vegna brota á umferðarlögum og lögum um fjarskipti. Árið 1985 hlaut hann dóm vegna brots gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sakavottorð ákærða Roy Ólafssonar ber með sér, að hann hefur gengist undir fjórar dómsáttir á árunum 1957-1975 vegna brota á áfengislögum, tollalögum og umferðarlögum. Jafnframt hlaut hann dóm árið 1975 vegna brots á tollalögum og áfengislögum.

Refsing ákærðu, hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin 60.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 1. mgr. 136. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 55/1991, ber að gera upptækan til ríkissjóðs varning þann, sem í ákæru greinir.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar óskipt, þar með talinna málsvarnarlauna til skipaðs verjanda ákærðu, Jóns Magnússonar hrl., 30.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Ólafur Björn Ólafsson og Roy Ólafsson, greiði 60.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs, hvor um sig, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði Ólafur Björn Ólafsson sæti upptöku til ríkissjóðs á 40 myndlyklum, 42 tengisnúrum, 40 spennubreytum og 5 örgjörvum.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hrl., 30.000,00 krónur.